

Samþykkt um millipinganevnd vegna endurskoðunar laga KÍ

5. þing Kennarasambands Íslands samþykkir að skipa millipinganevnd sem hafi það hlutverk að endurskoða lög KÍ. Nefndin skal skipuð formanni sem stjórn KÍ tilnefnir og einum fulltrúa frá hverju aðildarfélagi sem stjórn hvers félags tilnefnir.

Hlutverk nefndarinnar er að yfirfara lög sambandsins og reglur sjóða ásamt því að skoða lög aðildarfélaganna með tilliti til samræmis milli þeirra og laga KÍ.

Nefndin skal sérstaklega skoða eftirtalin atriði:

1. Lengd kjörtímabils.
2. Hámarksseturétt í embættum.
3. Hugmynd um að framvegis verði kjörnir tveir varaformenn KÍ.
4. Framkvæmd kosningar um formann og varaformann / varaformenn.
5. Hugmynd um að leggja niður embætti sérstakra skoðunarmanna reikninga.
6. Hugmynd um að þing KÍ kjósi formenn fastanefnda og ráða en aðalfundir aðildarféлага kjósi aðra fulltrúa samkvæmt sérstökum reglum sem settar yrðu.
7. Hlutverk réttindi og skyldur trúnaðarmanna, varatrúnaðarmanna og tengiliða.
8. Móta reglur um framkvæmd kosninga á þingum KÍ
9. Skoða röðun greina í lögunum (sbr.15.gr.).
10. Skoða fjölda nefnda og fjölda í nefndum. Einnig hvaða nefndir verða starfandi á þingum KÍ

Að öðru leyti hefur nefndin frjálssar hendur um verkið.

Nefndin skili tillögum sínum til stjórnar KÍ í síðasta lagi hálfu ári fyrir 6. þing KÍ.

Greinargerð:

Eftirfarandi hugmyndir hafa komið fram:

1. Taka upp fjögurra ára kjörtímabil.
2. Að takmarka setu formanns í embætti við 12 ár.
3. Hafa tvo varaformenn. Ef af yrði þyrfti að skilgreina verksvið hvors fyrir sig og eins hvort um væri að ræða launað starf.
4. Skoða fyrirkomulag kosninga í þessi embætti.
5. Margir hafa bent á að félagslegir skoðunarmenn reikninga séu barn síns tíma. Ræða þarf hvort leggja eigi þessi embætti niður eða hvort setja eigi sérstakar reglur um hlutverk þeirra og starfshætti.
6. Hugmyndir hafa komið upp um breytingu á kjöri fulltrúa í fastanefndir. Í þessu sambandi er bent á að tengsl nefnda og stjórna aðildarféлага yrðu skilvirkari með þessum hætti.